

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB frá 27. mars 2007 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er tekur til þess hvort tilteknar stofnanir falla utan gildissviðs hennar eða undir það og meðferðar á áhættuskuldbindingum fjölþjóðlegra þróunarbanka ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 L 0018:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/18/EB frá 27. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 87, 28.3.2007, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/18/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 87, 28.3.2007, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.